

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 25. mars kl. 13:00 var haldinn 351. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir í fjarveru Skúla Þórs Helgasonar, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir. Ragnhildur Alda og Guðveig tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda og lagði fram yfirlit þar um, dags. 25. mars 2024.
2. Fundargerðir stjórnarfunda SF 349 og 350 voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Gísli Björn Björnsson og greindu frá stöðu fjármögnunar. Umræður.
Þau kynntu einnig minnisblað dags. 25. mars 2024, sem svar við fyrirspurn stjórnarmanns frá fundi SF 349 um arðsemi og gjaldskrár veitubjónustu Veitna. Umræður.
Áhættuskýrsla dags. 18. mars 2024 lögð fram til kynningar.
4. Klukkan 13:50 mætti til fundarins Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og greindi frá undirbúningi að hlutafjárukningu Ljósleiðarans. Umræður.
5. Lögð fram bókun stjórnar Ljósleiðarans, dags. 22. mars 2024, sem er svar við bókun Ragnhildar Öldu Vilhjálmisdóttur frá stjórnarfundi SF 348 um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðanda á stjórnháttum. Umræður.
Þórður Gunnarsson lagði til að óskað verði eftir því við innri endurskoðun að unnið verði minnisblað, sem taki til umfjöllunar skýrslunnar um meint brot á eigendastefnu.
Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa, Völu, Þórðar, Valgarðs og Söru Bjargar. Ragnhildur Alda greiddi atkvæði gegn tillögunni.
6. Klukkan 14:30 mætti Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix til fundarins, upplýsti um stöðu hlutafjárukningar og tillögu að breytingum á samþykktum Carbfix hf. og erindi til borgarráðs þess efnis.
Samþykkt.
7. Lagt fram frammistöðumat stjórnar á störfum forstjóra fyrir síðasta ár. Umræður.
Jafnframt lagt fram samantekt á störfum stjórnar fyrir árið 2023.
Frestað.
Guðveig Eyglóardóttir yfirgaf fundinn kl. 15:00.

8. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar:

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna 60.897 kr. fyrir hvern fund (voru 58.980). Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundir skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári. Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn samþykkir að veita forstjóra umboð til að boða aðalfund í samráði við eigendur

9. Klukkan 15:10 mættu Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri og Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi til fundarins og greindu frá drögum að mælanlegum markmiðum og mælikvörðum í samræmi við heildarstefnu Orkuveitunnar. Umræður.
10. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 21. mars 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21. mars 2024. Umræður.
11. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerðir stjórnarfunda Orku náttúrunnar ohf. dags. 24.01, 21.02 og 28.02.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 20.02.2024

Fundargerðir stjórnarfunda Ljósleiðarans ehf. dags. 23.02, 28.02 og 15.03.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.03.2024

Fundargerðir stjórnarfunda Veitna ohf. dags. 16.02 og 28.02.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 21.03.2024

12. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 25. mars 2024. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. apríl 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 26. febrúar kl. 13:00 var haldinn 349. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum, og að hluta til Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi fjármálastjóri, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu, Ásgeir Westergren, sérfræðingur í fjármögnun, Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri, Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðumaður hitaveitu, Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri, Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona nýsköpunar og framtíðarsýnar, Lilja Tryggvadóttir, sérfræðingur í rannsóknarverkefnum og Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri gerði grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda og lagði fram yfirlit þar um, dags. 22. febrúar 2024.
2. Fundargerðir stjórnarfunda nr. 347 og 348 voru lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, ásamt Davíð Erni Einarssyni, endurskoðanda frá Grant Thornton endurskoðun ehf. og kynntu drög að ársreikningum Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur (móðurfélags) og Orkuveitu Reykjavíkur Eigna ohf., vegna ársins 2023. Umræður.

Reikningarnir verða lagðir fram á til afgreiðslu á aukafundum stjórna sem fram fara 7. mars nk. kl. 8:30.

Stjórn samþykkir eftirfarandi:

Í ljósi dráttar á hlutafjáraukningu frá upphaflegum áformum og þar með fjármögnun Ljósleiðarans ehf., lýsir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur því yfir að fyrirtækið mun auka hlutafé sitt í Ljósleiðaranum á markaðsvirði til að tryggja áframhaldandi rekstur og verja hagsmuni Orkuveitu Reykjavíkur, komi til þess að hlutafjáraukningin sem samþykkt hefur verið gangi ekki eftir eða dregst frekar á langinn.

Ragnhildur Alda sat hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Klukkan 13:40 komu á fundinn Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og Ásgeir Westergren, sérfræðingur í fjármögnun.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um fjármögnunarheimild fyrir árið 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir

allt að 30 ma.kr. á árinu 2024. Fjármögnunarheimildin er 4,4 ma.kr. umfram lánsfjármögnun í samþykktri fjárhagsáætlun Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 24. febrúar 2024 um arðgreiðslu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfelldri niðurstöðu óvissuþátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Vegna tillögunnar óskaði Þórður Gunnarsson að eftirfarandi yrði bókað en bókunin var studd af Ragnhildi Öldu:

Fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) liggur tillaga um að greiða allt að því sem samsvarar nánast öllum hagnaði rekstrarársins 2023 út í arð til eigenda. Þrátt fyrir að slík arðgreiðsla kunní að gagnast eigendum OR og standast arðgreiðsluskilyrði, er vert að staldra við slíka ákvörðun á tímum orkuskorts og mikils álags á orkuinnviði landsins.

Sá orkuskortur sem Ísland glímir nú við er afleiðing of lítillar fjárfestingar í orku- og varmaframleiðslu til margra ára. Hyggilegast væri að samstæða OR nýtti rekstarafgang ársins 2023 til að viðhalda, styrkja og efla þá mikilvægu orku – og veituinnviði sem hafa byggðir hafa verið upp af myndarbrag undanfarna áratugi. Þessir sömu innviðir, sem Íslendingar hreykja sér af um allan heim, hafa hingað verið taldir standa styrkum fótum. En undirfjárfesting liðinna ára hefur þegar grafið undan þeirri stöðu, eins og nýleg dæmi sanna,

Stjórn OR ber að gæta hagsmuna eigenda, en engu síður fyrirtækisins sjálfs. Á tímum aðkallandi aukningar í orku- og varmaframleiðslu á Íslandi þarf samstæða OR á öllu því fjármagni að halda sem henni stendur til boða, svo svara megi þörfum vaxandi samfélags. Í því ljósi er umhugsunarvert að samþykkja tillögu til aðalfundar OR um að greiða allt að því allan hagnað ársins 2023 út til eigenda. Hvorki afkoma OR 2023 né kjör á fjármagnsmörkuðum, staða orkumála almennt auk stóraukinnar óvissu um rekstraröryggi orkuinnviða á suðvesturhorni landsins vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga, renna stöðum undir ákvörðun um slíka ráðstöfun. Þvert á móti.

Eðlilegt er að eigendur OR vilji njóta ávöxtunar af því fjármagni sem bundið er í rekstur fyrirtækisins. Þeir hagsmunir hljóta hins vegar að víkja fyrir þeim veigamiklu staðreyndum sem hér hafa verið raktar. Leggur undirritaður því til að stjórn geri þá tillögu við aðalfund OR að falla frá arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2023.

Þórður Gunnarsson lagði fram svohljóðandi tillögu með vísan í framangreinda bókun.

Lagt er til við stjórn Orkuveitunnar að hún samþykki að ekki verði gerð tillaga við aðalfund Orkuveitunnar um arðgreiðslur vegna rekstrarársins 2023.

Formaður lagði til að tillaga Þórðar yrði tekin til afgreiðslu áður en upphafleg tillaga sem fyrir fundinum lá yrði tekin til afgreiðslu. Var það samþykkt.

Var þá gengið til atkvæðagreiðslu og var tillögu Þórðar hafnað með fjórum atkvæðum Gylfa, Skúla, Valgarðs og Völu. Tillögunni greiddu hins vegar atkvæði sitt þau Þórður og Ragnhildur Alda.

Var upphafleg tillaga, dags. 24. febrúar 2024 um arðgreiðslu þá tekin til afgreiðslu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfelldri niðurstöðu óvissubátta til samræmis við greinargerð.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.

Samþykkt með fjórum atkvæðum Gylfa, Skúla, Valgarðs og Völu. Þórður og Ragnhildur Alda greiddu atkvæði gegn samþykkt tillögunnar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 26. febrúar 2024 um samþykkt á framlengingu á lánasamning við Landsbankann. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir Sævari Frey Þráinssyni og Brynju K. Pétursdóttur fullt og ótakmarkað umboð til þess að framlengja og draga á lán samkvæmt viðskiptasamningi um lánalínu á gildistíma hans samanber grein 4 (Lánsbeiðnir), í samningnum að fjárhæð ISK 4.000.000.000 milli Landsbankans hf. og Orkuveitu Reykjavíkur, dags 24.06.2011.

Samþykkt.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 30 ma.kr. á árinu 2024. Fjármögnunarheimildin er 4,4 ma.kr. umfram lánsfjármögnun í samþykkttri fjárhagsáætlun

Framangreindar heimild nær einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um skammtímalánasamning við Carbfíx hf. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) lýsir yfir vilja til að styðja við framgang og þróun Carbfíx hf. og heimilar OR að framlengja skammtímalánasamning við Carbfíx hf. til 31.12.2024. Ásamt því að hækka brúarlánið um 4.200 m.kr.

Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.

Samþykkt.

Klukkan 14:20 vék Davíð Arnar af fundinum.

Gerð var grein fyrir borverkefni sem Orkuveitusamstæðan mun mögulega ráðast í.

Lagt fram minnisblað, dags. 1. febrúar 2024 sem er svar við fyrirspurn frá fundi stjórnar 22. janúar 2024 um þau félög sem Orkuveitan á eignarhlut í. Umræður.

Lögð fram til kynningar áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 8. febrúar 2024. Umræður.

Klukkan 14:25 yfirlit Brynja Kolbrún, Bryndís María, Gísli Björn og Ásgeir fundinn.

4. Klukkan 14:28 mættu Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja, til fundarins og lögðu þau fram og gerðu grein fyrir ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2023. Umræður.

Ársskýrslan samþykkt samhljóða og verður send til rafrænnar undirritunar stjórnarfólks.

Klukkan 14:48 yfirlit Eiríkur og Hólmfríður fundinn.

5. Lögð fram bókun af fundi borgarráðs, dags. 8. febrúar 2024 varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar varðandi úttekt á Orkuveitu Reykjavíkur og gerði Ragnhildur Alda nánari grein fyrir henni. Umræða.

Fyrir lá einnig svohljóðandi afstaða stjórnar Ljósleiðarans í ljósi tillögu Ragnhildar Öldu sem lögð var fram á stjórnarfundum nr. 348 um afléttingu trúnaðar á skýrslunni. Afgreiðslu tillögunnar hafði verið frestað á meðan afstöðu stjórnar Ljósleiðarans yrði aflað:

Í tengslum við undirbúning hlutafjáraukningar Ljósleiðarans óskaði stjórn Ljósleiðarans eftir athugun innri endurskoðunar á meðferð viðkvæmra trúnaðarupplýsinga sem Ljósleiðarinn hafði afhent stjórn Orkuveitunnar og síðar rötuðu í fjölmiðla. Skýrsla innri endurskoðanda, með athugasemdum og tillögum, var lögð fyrir stjórnina í desember 2023. Þá þegar hafði verið bætt úr hluta þeirra athugasemda sem komu fram í skýrslunni og vinna við aðrar úrbætur er yfirstandandi.

Stjórn Ljósleiðarans gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með starfsemi fyrirtækisins. Hún lítur svo á að úttektir á borð við þá sem hún fór fram á og aðrar samsvarandi skýrslur séu mikilvægt tæki til að styðja við það hlutverk sitt. Úttektir eru úrbótatæki til að treysta innviði fyrirtækisins og auka verðmæti þess í þágu eigandans, Orkuveitunnar og sveitarfélaganna sem eiga hana. Það er mikilvægt að trúnaðar sé gætt um slík gögn til að niðurstöður nýtist sem skyldi og að þær verði áfram nýttar til úrbóta í starfsemi félagsins.

Þess utan bendir stjórn Ljósleiðarans á að félagið starfar á samkeppnismarkaði og að efni slíkra úttekta varða gjarnan viðkvæma viðskiptahagsmuni sem brýnt er að trúnaður ríki um gagnvart samkeppnisaðilum Ljósleiðarans.

Stjórn Ljósleiðarans leggur áherslu á að viðhaldið verði trúnaði um þau vinnugögn sem kallað var eftir frá innri endurskoðanda fyrirtækisins, sem starfar í umboði stjórnarinnar. Stjórnin telur það því ekki í þágu hagsmuna fyrirtækisins að trúnaður um innihald skýrslunnar verði rofinn.

Umræður.

Ragnhildur Alda óskar bókað:

Líkt og nafn skýrslunnar gefur til kynna varðar hún alvarlega ágalla í stjórnarháttum Orkuveitunnar, óeðlileg afskipti og miðlun upplýsinga. Eðli málsins samkvæmt

gengur það þvert á hagsmuni eigenda, Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja hennar að draga dul yfir innihald skýrslunnar enda hvorki hægt að læra af né bæta úr því sem enginn má vita af, hvað þá fyrirbyggja að sagan endurtaki sig. Undirrituð minnir á að heiðarleiki var valið sem kjarnagildi Orkuveitunnar af ástæðu, hulin sár eru hættust. Afleiðingar tregðu stjórnenda til að upplýsa eigendur um óþægileg atriði voru einmitt tildrög úttektarinnar. Skýrsla Innri endurskoðanda sem slík fjallar ekki um nein rekstrarleg málefni samtæðunnar eða dótturfélaga og því eru engar forsendur fyrir því að halda leynd yfir skýrslunni gagnvart eigendum. Að auki sem flestir umsagnaradilar eiga í hlut og eru því bersýnilega vanhæfir til að taka afstöðu til þess hvort aflétta eigi trúnaði um aðfinnslurnar. Það er hagsmunamál eigenda að upplýsa um þessar aðfinnslur um brot á eigendastefnu, enda er það trúnaðarbrætur af hálfu hlutaðeigandi. Það er fáránlegt að halda trúnaði um slíkan trúnaðarbrætur gagnvart eigendum. Sannleikurinn þarf að þola dagsljósið.

Afgreiðslu á tillögu Ragnhildar Öldu frá stjórnarfundum nr. 348 er frestað og samþykkt að óska eftir afstöðu stjórnar Ljósleiðarans til þess hvort aflétta megi trúnaði af hluta skýrslunnar án þess að skaða viðkvæma viðskiptahagsmuni félagsins.

Ragnhildur Alda sat hjá við afgreiðslu framangreindrar samþykktar og bókaði eftirfarandi:

Undirrituð óskar bókað við afgreiðslu samstjórnarmanna að samkvæmt skilningi hennar umræðum er verið kallað eftir rökstuðning fyrir að stjórn Ljósleiðarans óski trúnaðar á grundvelli þess að um einhverjar beinar fjárhagslegar rekstrarupplýsingar er að ræða en ekki bara óþægilega stjórnarhætti og óviðeigandi afskipti hlutaðeigandi af mikilvægum málum í starfsemi Orkuveitunnar og dótturfyrirtækjanna.

6. Stjórn samþykkir að veita forstjóra Orkuveitunnar umboð til að fara inn á hluthafafundi í Orku náttúrunnar ohf., ON Power ohf., Ljósleiðaranum ehf. og Carbflix hf. til að staðfesta tillögu stjórnar um að óskað verði eftir framlengingu á undanþágu frá upplýsingalögum.
 7. Klukkan 15:27 mættu Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðumaður hitaveitu og Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri til fundarins og greindu frá viðbrögðum Orkuveitunnar við eldsumbrotum á Reykjanesi þegar heitavatnslögn HS Veitna fór undir hraun. Umræður.
- Klukkan 15:55 yfirlög Hrefna og Reynir fundinn.*
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22. febrúar 2024 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. febrúar 2024. Umræður.
 9. Klukkan 16:00 kom Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri, til fundarins og gerði grein fyrir minnisblaði sínu dags. 21. febrúar 2024 um sameiningu stuðningstefna til aðgreiningar frá heildarstefnu, sem lá fyrir fundinum. Umræður.
 10. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 13.12.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 24.01.2024 og 21.02.2024

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 19.01.2024

Minnisblöð framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 17.01 og 21.02.2024

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 18.01.2024

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 16.02.2024

Fundargerðir stjórnarfundar Carbflix hf. dags. 2.11, 16.11, 21.12.2023 og 18.01.2024

Minnisblöð framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 18.12.2023 og 19.02.2024

11. Klukkan 16:25 komu á fundinn Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona nýsköpunar og framtíðarsýnar, Lilja Tryggvadóttir, sérfræðingur í rannsóknarverkefnum, og Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur í skipulagsmálum. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 26. febrúar 2024 um að hefja umhverfismatsferli fyrir vindorkugarða en henni fylgir greinargerð sem Vala gerði nánari grein fyrir.

Með fyrirvara um samþykki eigenda samþykkir stjórn Orkuveitunnar að hefja umhverfismatsferli fyrir Vindorkugarða við Lyklafell, Dyraveg og Lambafell sem einn hluta af undirbúningi fyrir ákvarðanatöku um virkjun.

Samþykkt.

Klukkan 16:40 yfirgáfu Vala, Lilja og Hildur fundinn.

12. Staðfest var ákvörðun um borun vinnsluhola á Hengilsvæðinu sem tekin var milli stjórnarfundar.
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 26. febrúar 2024. *Umræður.*

Þá gerði forstjóri grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á skipuriti Orkuveitunnar sem styðja við nýja stefnu hennar. Nýtt skipurit verður kynnt starfsfólki í komandi viku.

Klukkan 17:07, á meðan Sævar gerði grein fyrir skýrslu sinni, vék Guðveig af fundinum.

14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:30

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. mars 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, fimmtudaginn 7. mars kl. 8:30 var haldinn 350. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, tóku öll þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Sunna Jóhannsdóttir fulltrúi í endurskoðunarnefnd, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar og Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Klukkan 8:30 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, starfandi framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og lögðu fram til samþykktar ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur, móðurfélags og Orkuveitu Reykjavíkur, samstæðu fyrir árið 2023.

Á stjórnarfundum 26. febrúar sl. kynntu þær reikningana ásamt Davíð Erni Einarssyni, endurskoðanda frá Grant Thornton endurskoðun ehf. sem gerði grein fyrir vinnu við endurskoðun. Sunna Jóhannsdóttir og Lárus Finnbogason gerðu grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar um reikningana.

Reikningarnir bornir upp og samþykktir samhljóða. Reikningarnir verða staðfestir með rafrænni undirritun stjórnarfólks.

2. Engin önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 8:50

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. mars 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar - SF 351
 Sendandi: Emma, Eiríkur, Hólmfríður og Snorri hjá Sjálfbærni og umhverfi RON
 Dagsetning: 21. mars 2024
 Efni: **Sjálfbærni og umhverfi fyrir stjórn Orkuveitunnar, 25. mars 2024.**

Athugið: Starfseiningarnar sjálfbærnimál og umhverfismál hafa sameinast og heita nú Sjálfbærni og umhverfi og tilheyra Rannsóknum og nýsköpun (RON), [sjá skipurit Orkuveitunnar](#). Hlutverk einingarinnar er að vera í forystu og leiðandi í uppbyggingu og framtíðarsýn varðandi sjálfbærni-, umhverfis- og loftslagsmál. Í kjölfarið var tækifærið nýtt til að breyta uppsetningu og innihaldi minnisblaðs um umhverfismál og er því nú skipt í fernt, þ.e. umfjöllun eftir því sem við á um Loftslagið – Umhverfið – Samfélagið – Annað. Minnisblaðið er enn í mótun og líklegt að staða mælikvarða sem heyra undir sjálfbærnistefnu en einnig aðrar stefnur, verði sýnilegir þegar líður á árið.

Loftslagið

Loftslagsbókhald Orkuveitunnar 2023 hefur hlotið vottun hjá Bureau Veritas í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 14064-1. Þetta er merkilegur áfangi á leið Orkuveitunnar að kolefnishlutleysi og aukinni sjálfbærni. Orkuveitan birtir nú loftslagsbókhald sem tekur tillit til um 95% losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna starfsemi fyrirtækisins. Þar á meðal er bein losun frá jarðvarmavirkjunum, fráveitu og bílafloða en einnig óbein losun í aðfangakeðjunni þar sem kaup á vörum og þjónustu vega þungt. Sjá nánar [frétt á heimasíðu Orkuveitunnar](#). Sjá nánar [loftslagsbókhaldið sjálf](#) en það var unnið á ensku.

Á myndinni að neðan er birt:


- Lykiltölur loftslagsmála fyrir Orkuveituna 2023. Fram kemur hver sé bein losun GHL frá starfseminni í umfangi 1 og óbein losun í umfangi 2 og 3, losunarkræfni rafmagns og heits vatns og hlutfall koldíoxíðs sem dælt er í jarðlög við jarðvarmavirkjanir á Hengils svæðinu.
- Mynd af þróun raunlosunar GHL í umfangi 1, 2 og 3 frá 2016 til 2023 ásamt bindingu í gróðri og jarðvegi og jöfnun með vottuðum kolefniseiningum. Einnig er sýnd spá um losun og bindingu GHL 2024 til 2040. Föngun og förgun koldíoxíðs með Carbfix aðferðinni við Hellsheiðarvirkjun árið 2025 og Nesjavallavirkjun árið 2030 vega þungt í vegferð Orkuveitunnar að kolefnishlutleysi árið 2040.
- Mynd af hlutdeild helstu losunarpátta hjá Orkuveitunni árið 2023 og er hlutur jarðvarmavirkjana 68%, innkaupa 25%, fráveitu 3% og annars 4% (bílafloði ofl).

Lykiltölur 2023

Umfang 1: **51,820** tonn CO₂-íg
 Umfang 2: **525** tonn CO₂-íg
 Umfang 3: **19,940** tonn CO₂-íg

Losunarkræfni
 Rafmagn: **7.3** gCO₂-eq/kWst
 Hiti: **205.2** gCO₂-eq/m³

21% CO₂ niðurdæling
 með Carbfix aðferðinni í virkjunum Orkuveitunnar



Umhverfið

Endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal

Tvíþætt samstarf við Reykjavíkurborg stendur yfir vegna Elliðaárdals. Annars vegar undirbúningur deiliskipulagsferlis sem m.a. miðar að því að endurspeglar að raforkuvinnsla er aflögð og hinsvegar samningsgerð um skil Orkuveitunnar á vatnsréttindum og meðferð mannvirkja. Reykjavíkurborg hefur lagt fram samningsmarkmið, sem kynnt voru í borgarráði. Fundir eru vikulega og stefnt að því að ljúka samningsgerð fyrir maílok 2024.

Samfélagið

Í mótun.

Annað

Evrópskt sjálfbærni regluverk:

Innleiðingu sjálfbærni regluverks Evrópusambandsins er fram haldið í samstarfi Sjálfbærni og umhverfis, Fjármála og Laga, Lendna og áhættu. Verkefnið er þríþætt;

- áframhaldandi innleiðing flokkunarreglugerðar eftir fyrstu áfangaskil í samstæðuársreikningi 2023.
- innleiðing ESRS, European Sustainability Reporting Standard. Ákveðið var að halda því verkefni áfram, þrátt fyrir frestun á innleiðingarfrumvarpi. Nú stendur yfir gloppugreining á gagnaöflun Orkuveitunnar og kröfum evrópska regluverksins.
- upptaka EU Green Bond Standard. Orkuveitan þarf að uppfæra grænan fjármögnunarramma sinn á árinu. Eðlilegt er að þróa hann í átt að væntanlegum reglum og nýta þá vinnu sem unnin er til innleiðingar 1 og 2 að ofan.

Leyfi Orkuveitunnar sem varða umhverfismál eru í gildi og uppfyllt. Þau leyfi sem renna út árið 2024 eru:


- Orka náttúrunnar:
 - Starfsleyfi Andakílsárvirkjunar
- Veitur:
 - Starfsleyfi fyrir aðveitustöðina A20 á Akranesi
 - Starfsleyfi vegna meðhöndlunar á asbesti á Vesturlandi
 - Aðveitustöð 07 í Hnoðraholti í Reykjavík
 - Vatnsveita í Rauðsgili í landi Steindórsstaða í Borgarbyggð

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir
Dagsetning: 21.3. 2024
Efni: Minnisblað auðlindir og nýsköpun

Skipulagsbreytingar hjá Rannsóknnum og nýsköpun

RON sinnir áfram því mikilvæga hlutverki að gæta auðlinda og framtíðar auðlindaöflunnar til að komandi kynslóðir geti búið við sömu lífsgæði og við í dag. Skipulag tekur þó breytingum til þess að endurspeglar fyrirætlanir í stefnu um markvisst nýsköpunarstarf, þróun nýrra orkukosta, öfluga auðlindastýringu og bættu nýtingu auðlinda með hringrásarhugsun og sjálfbærni að leiðarljósi. Það er og verður alltaf mikilvægt að þetta sé unnið í sátt við samfélag og umhverfi.



Einingunni Nýsköpun Auðlinda er ætlað að sýna frumkvæði og vera leiðandi í nýsköpun og þróun er snýr að orkuöflun, bættri nýtingu, hringrás og sjálfbærni. Nýir Orkukostir vinna markvisst að stefnuáherslunni Aukið framboð og sjálfbærar lausnir. Þessi eining er því forystuafli í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð. Meginmarkmið Auðlindastýringar að tryggja að nægur forði og niðurrennsli sé til staðar fyrir starfsemi ON og Veitna og mun eining halda áfram að sinna því afar mikilvæga hlutverki. Áhersla Verkefnaþróunar og samstarfs er á meginmarkmiðin kvik og hröð innleiðing, árangursríkt samstarf og traustur rekstur. Þessi eining er mikilvæg til að tryggja að við náum árangri, að við séum að vinna að réttum verkefnum og að við séum að vinna þau rétt. Þessi eining mun sömuleiðis stuðla að samstarfi við ytri aðila þegar kemur að verkefnaþróun. Einingin Sjálfbærni og Umhverfi var áður tvær einingar sem heyrðu beint undir forstjóra Orkuveitunnar en hafa nú verið sameinaðar og færðar til RON. Þeirra hlutverk er að vera í forystu og leiðandi í uppbyggingu og framtíðarsýn varðandi sjálfbærni, umhverfis- og loftlagsmál. Frumkvöðlasetur og vísindamiðlun er ný eining þar sem markmiðið er að tengjast og vera aflvaki fyrir skapandi orku í samfélaginu.

Jarðhitasýningin og Elliðaárstöð tilheyra þessari einingu og munu áfram sinna mikilvægu fræðslu og þjónustuhlutverki en við munum jafnframt auka samstarf við nýsköpunaraðila og samfélagið.

Rekstrartruflanir vegna fastefnis í dreifikerfi hitaveitu höfuðborgarsvæðisins

Það hefur verið talsvert um rekstrartruflanir vegna fastefna (fíngerð mól, sandur og annað efni) í dreifikerfinu í Laugarneshverfinu í haust og vetur og við fyrstu athugun bárust böndin að RG-05 vegna gats á fóðringu. Viðgerð á fóðringu var lokið í febrúar og var hún ræst aftur 26. febrúar. Vatnið úr henni var mjög gruggugt í fyrstu en eftir þriggja tíma dælingu hafði það minnkað mikið en þótti engu að síður óhæft til dreifingar og var dælingu þá hætt. Holan var ræst aftur 29. febrúar við mun minni dælingu og við þær aðstæður var vatnið úr henni nánast tært og var hún í vinnslu um helgina 2. og 3. mars. Þá um helgina bárust kvartanir um stíflaðar síur í Laugarneshverfinu og var vinnslu úr RG-05 þá hætt. Ekki er alveg skýrt orsakasamhengi milli rekstrartruflananna vegna fastefnanna og RG-05 þar sem ekki eru líkindi milli þess fastefnis sem kom upp úr RG-5 og annars efnis sem hefur verið að safnast fyrir í dreifikerfinu. Unnið er að frekari greiningu á vandamálinu með m.a. frekari greiningu á samsetningu þess efnis sem er að valda trufluninni

Rannsóknir á nýjum jarðhitasvæðum

Í janúar og febrúar boru boraðar níu hitastigulsholur við Borg á Mýrum. Fyrstu niðurstöður benda til að þar sé vel afmarkað en frekar veikt hitastigulsfrávik. Þar var fyrir 100 m djúp hola, BO-02 sem sýndi stigul upp á um 110°C/km en heitasta holan sem boruð var nú í vetur sýnir örlítið hærri stigul, eða um 120°C/km. Þessar niðurstöður gefa tilefni til hóflegrar bjartsýni og ráðgert er að bora tíu hitastigulsholur til viðbótar nú í vor/sumar til að skorða betur stefnu fráviksins og kanna útmörk þess til norðurs og suðurs.

Á Álftanesi hófust hitastigulsboranir í mars og nú er búið að bora fimm af níu holum sem stendur til að bora þar.

Ferilefnapróf í Elliðaárdal

Ferilefnaprófanir eru gerðar með það að markmiði að rannskaka rennslisleiðir innan jarðhitasvæða og mögulegar tengingar á milli niðurdælingar og vinnslu. Ferilefni voru sett niður í fjórar lághitaholur í Elliðaárdalnum dagana 14.-16.febrúar; holur RG-25, RG-28, RG-29 og RG-36. Efnin sem voru notuð hafa enga umhverfislega neikvæða eiginleika í þeim styrk sem búið er við að þau verði vatni til notenda. Tekin eru sýni úr virkum vinnsluholum á svæðinu og stendur sýnataka enn yfir. Ferilefnaprófið er liður í því að auka skilning á kælingu og súrefnismagni í kerfinu og undirbyggja ákvörðun um með hvaða hætti framtíðarnýtingu svæðisins verður.

Aðgerðir til að eyða súrefni í heitveituvatni frá Elliðaárdal

Súrefni í jarðhitavatninu frá Elliðaársvæðinu hefur valdið því að tæring á dælum er algengari þar en í öðrum lághitasvæðum. Tvö tilraunaverkefni eru í gangi sem bæði miða að því að minnka súrefnismagn í heitu vatni úr jarðhitakerfinu í Elliðaárdal. Fyrri verkefnið er íblöndun á natríum súlfíti í holu RG-31. Ef þessi tilraunaíblöndun skilar góðum árangri verður útfærsla á íblöndun í fleiri holur á svæðinu skoðuð. Efnið sem notast er við til að eyða súrefni í vatninu er ekki hættulegt umhverfi, dýrum og fólki

Seinna verkefnið er niðurdæling á hitaveituvatni frá Mosfellsbæ, sem inniheldur brennisteinsvetni, ofan í holu RG-29 í Elliðaárdal. Markmiðið er að freista þess að eyða súrefni í jarðhitakerfinu áður en það kemur að öðrum holum á svæðinu. Fylgst er með áhrifum niðurdælingarinnar á súrefnismagn í öðrum holum samhliða ferilefnaprófssýnatökum.

Starfshópur um vatnsöflun norðan Hvalfjarðar

Síðastliðið vor boðaði bæjarstjóri Akraness, í kjölfar fundar með Veitum, til hagaðilafundar til þess að ræða stöðu vatnsöflunar fyrir Akranes, Grundartanga og Hvalfjarðasveit. Veitur hafa um nokkurt skeið verið að skoða neysluvatnsöflunarmöguleika fyrir Akranes til langrar framtíðar eins og kynnt hefur verið fyrir stjórn t.d. í tengslum við kynningu á stefnuverkefni sem unnið var fyrir veituna árið 2021. Á

hagaðilafundinum var ákveðið að skipa starfshóp með aðilum frá Veitum, Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstað, Faxaflóahöfnum, Elkem og Norðuráli sem hefði það markmið að fá samræmda yfirsýn yfir stöðu kaldvatnsforða innan sveitarfélaganna og greina möguleika til samstarfs í vatnsöflunarmálum innan beggja sveitarfélaga með það að markmiði að uppfylla bæði framtíðar neysluvatnspörf íbúa sem og vatnspörf atvinnulífs. Starfshópurinn hóf störf í ágústmánuði og var Sigrún Tómasdóttir fulltrúi Veitna í hópnum. Vinnunni lauk í byrjun árs og var kynningarfundur á greinargerð nú í lok febrúar.

Helsta niðurstaða þessarar yfirferðar var að vatnsöflunarmöguleikar eru takmarkaðir og kostnaðarsamir vegna fjarlægðar milli notenda og vatnstökusvæða. Fyrirtækin á Grundartanga ásamt Hvalfjarðarsveit eru að nýta vatnsból í Tungu og Hlíðarfæti í Svínadal. Magn frá núverandi vatnsbólum í Svínadal, auk lagnaleiðar, er ekki þannig að umframmagn sé til staðar sem hægt væri að nýta á Akranesi. Þó ekki hafi komið fram augljósir fletir til frekara samstarfs allra aðila starfshópsins er ekki hægt að útiloka það í framtíðinni og telur hópurinn mikilvægt að viðhalda upplýsingamiðlun og taka aftur upp samtal ef möguleikar til samstarfs skapast.

Fyrir Veitur eru þá enn einkum tveir vatnstökukostir í stöðunni þó samningar og leyfismál fyrir þessa kosti séu ekki fyrir hendi. Kostirnir eru virkjun linda í Norðanverðu Akrafjalli eða flutningur vatns frá Reykjavík. Þessa tvö möguleika þarf nú að skoða betur og meta með tilliti til kostnaðar og leyfismála. Fyrsta skrefið er að endurgera eftirspurnarspá fyrir veitusvæðið m.v. áform sveitarfélagsins og stendur sú vinna yfir.

Umsókn um nýtt nýtingarleyfi á Hellisheiði

Viðbrögð hafa borist frá Orkustofnun varðandi umsókn um nýtt nýtingarleyfi á Hellisheiði. Umsóknin var send til umsagnar hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Ísland, Ölfuss, Framkvæmdasýslu Ríkisins og Íþróttarfélags Reykjavíkur. Frestur til umsagna var veittur til 11. mars. Niðurstöður umsagnanna hafa ekki borist.

Ölfusdalsvirkjun

Fýsileikagreining á virkjun í Ölfusdal við Hveragerði hefur verið í vinnslu á undanförunum mánuðum. Gróft arðsemismat bendir til þess að virkjunin geti verið ábatasöm, en umhverfisáhrif eru óljós. Fyrirhugað er að sækja um rannsóknarleyfi sem hefur það markmið að kortleggja betur hvað jarðhitakerfið getur staðið undir mikilli vinnslu, möguleg umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir við þeim. Fundað hefur verið með sveitarstjórn Hveragerðis til þess að greina frá fyrirætlunum Orkuveitunnar með rannsóknarleyfi með það að leiðarljósi að vera í góðu samstarfi við nærsveitarfélagið.